


**Efni: Suðurgata 40. Umsögn vegna tillögu að deiliskipulagsbreytingum.,**

Þann 15. apríl leggur Kristján Ragnar Þorsteinsson og Kristín Lind Steingrímsdóttir inn umsókn um breytingu á deiliskipulaginu Suðurgötu, Hamarsbraut og Strandgötu er nær til lóðarinnar við Suðurgötu 40. Með erindinu eru fylgigögn sem gera grein fyrir breytingunum.


Í gildi fyrir lóðina er deiliskipulag sem samþykkt þ.12.7.2018 og birtist í B-deild Stjórnartíðinda 18.12. s.á.

Skv. Gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir einbýlishúsi á lóðinni, kjallari, hæð og ris ásamt bílskúr allt að 160 fermetra. Húsið skal falla vel að aðliggjandi byggð í hlutföllum, stærð og efnisvali. Hámarks vegg hæð frá gólfkóta við götu er 3,5m. Þakhalli 35°-45°og hámarks hæð frá gólfkóta inngangshæðar upp á efstu brún þaks er 6m. Bundin byggingarlína er samhliða Suðurgötu. Heimilt er að setja kvist á húsið en þá skal samanlögð breidd þeirra ekki vera meiri en 50% af lengd útveggjar. Tvö bílastæði eru innan lóðar. Kvöð er um að halda horni við Hamarsbraut/Suðurgötu fríu um 1,5m í báðar áttir þannig að gróður eða girðing hindri ekki sýn ökumanna og annarra vegfarenda fyrir hornið.



Skjaskot úr meðfylgjandi gögnum er sýnir hús m.v. gildandi deiliskipulag.

Nú er lög fram tillaga sem gerir ráð fyrir að húsið hækki sem nemur 65cm og einnig verði byggingarreitur stækkaður bakatil. Kjallari er felldur út og gengið verði inn á aðalhæð húss frá gangstétt. Byggingarmagn er innan þess sem deiliskipulagið heimilar og fer því ekki yfir 160 m<sup>2</sup> á lóðinni.



GÖTUMYND, TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI - SUÐURGATA 1:200

Sú tillaga sem lögð er fram fellur ágætlega að aðliggjandi byggð. Þær breytingar sem óskað er eftir falla ágætlega að markmiðum gildandi deiliskipulags. Hækkun hússins er í samræmi við aðliggjandi hús og líkt og tillagan sýnir verður húsið við Suðurgötu 40 áfram lægra en aðliggjandi hús við númer 38, þrátt fyrir hækkun sem nemur 65 cm. Stækkun byggingarreitar bakatil mun hvorki hafa áhrif á heildargötumynd Suðurgötu né aðliggjandi lóðir.

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt